

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 25. nóvember 2013. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður, Björk Óttarsdóttir, Björg Bjarnadóttir og Svandís Ingimundardóttir. Finnur Friðriksson, Gunnhildur Helgadóttir og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðilar Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 11:00. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1) Umræða um síðasta úthlutunarferli, ásamt umsóknarvef

Gunnhildur Helgadóttir (staðgengill Sigrúnar á síðasta umsóknartímabili) tók upp nokkur atriði sem höfðu komið upp varðandi umsóknarvefinn á síðasta umsóknartímabili. Ákveðið var að umsýsluaðili myndi taka saman þessa punkta og senda stjórn þá til athugunar. Sigurjón Mýrdal bað um að í framhaldi myndi umsýsluaðili fá tilboð frá Stefnu í þá þætti sem þyrfti að vinna en Stefna sér um vef Sprotasjóðs.

2) Tímalína umsóknaferlis 2014-2015

Umsýsluaðili lagði fram tímalínu komandi umsóknatímabils 2014-2015 fyrir stjórn. Samkvæmt tímalínu er gert ráð fyrir að ferlið verði það sama og á síðasta umsóknartímabili, þ.e. stefnt er að því að sjóðurinn muni auglýsa eftir umsóknum um eða eftir miðjan janúar og verður hægt að senda inn umsóknir til loka febrúar. Stjórnin mun svo taka við og fara yfir umsóknir í marsmánuði. Gert er ráð fyrir að hægt verði að tilkynna um úthlutun úr sjóðnum fyrirpart aprílmánaðar. Í aprílmánuði og fram í maímánuði verður svo gengið frá samningum við styrkþega. Þetta ferli var skoðað og rætt stuttlega og samþykkt.

3) Staða mála í Sprotasjóði

Umsýsluaðili talaði stuttlega um tvö mál sem eru stjórn kunnug og snúa að endurgreiðslu tveggja skóla á hlut af styrk sem búið var að greiða til þeirra. Ástæða endurgreiðslu er sú að verkefni fóru aldrei af stað. Annar skólinn hefur nú þegar greitt til baka og málið er í farvegi innan hins skólans. Umsýsluaðili mun fylgja því máli eftir.

4) Áherslusvið Sprotasjóðs 2014-2015

Sigurjón Mýrdal formaður stjórnar lagði fram yfirlit yfir þau áherslusvið sem sjóðurinn hefur haft frá upphafi og í framhaldinu ræddu stjórnarmenn um hugmyndir að áherslusviðum fyrir næsta tímabil. Ræddir voru nokkrir þættir sem að stjórn vildi skoða sem hugsanleg áherslusvið fyrir næsta úthlutunartímabil. Svo sem eins og **læsi, að lesa sér til ánægju og gangs** en slík áhersla er þörf m.a. í ljósi útkomu síðustu Písakönnunar. Þá taldi stjórn að leggja mætti áherslu á þætti eins og **Lífsleikni og sterkar hliðar nemenda** og umræða spannst um að leggja bæri áherslu á **verklegan þátt í öllum námsgreinum og námsmat**. Efla þurfi skóla til að þróa fleiri þætti til mats á hæfni nemenda en skrifleg próf. Loks var rætt um **afburðanemendur** og hvernig mætti búa þeim hvetjandi námsumhverfi. Allt eru þetta þættir sem stjórnin vildi skoða frekar og taka upp og ræða á næsta fundi ásamt fleiri hugmyndum.

5) Næsti fundur stjórnar

Ákveðið var að næsti fundur stjórnar yrði haldinn 12. desember kl. 10-12 en sá fundur verður með sama sniði og þessi fundur þ.e. fjarfundur. Þar verður rætt um auglýsingu fyrir næsta úthlutunartímabil, um þætti sem þarf að bæta varðandi umsóknarvefinn og umsóknarferlið og svo áherslusvið næsta árs.

6) Önnur mál

Sigurjón Mýrdal vakti máls á því að samkvæmt fjárlagafrumvarpi þá hefur Sprotasjóður um 53 milljónir kr. til ráðstöfunar fyrir næsta úthlutunartímabil. Það er svipuð upphæð og síðustu ár ef tekið er tillit til verðlagshækkana.

Fundi slitið 11:55.